til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. í tolllögum nr. 54 frá 11. júlí 1911 orðist þannig:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til rikissjóðs þannig:

1. Af allskonar öli, limonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum litra.
2. Af kognaki og vínanda með 8° styrkleika eða minna kr. 2,00 af hverjum litra, yfir 8° og alt að 12° styrkleika kr. 3,00 af hverjum litra, yfir 12° og alt að 16° styrkleika kr. 4,00 af hverjum litra.
   Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.
3. Af rauðvíni, sherry, portvíni, malaga, ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum áfengum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,00 af hverjum litra.
4. Af sódavatni kr. 0,06 af hverjum litra.
   Sjeu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2., 3. og 4., fluttar í ílátum, sem rúma minna en litra, skal greiða sama gjald af hverjum $^3/_4$ litra sem af litra í stærri ílátum.
5. Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki kr. 4,00 af hverju kg.
6. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 8,00 af hverju kg.
   Vindlingar tollast að meðtöldum pappirnum og öskjum eða dósum, sem þeir seljast í.
7. Af óbrendu kaffi og kaffibæti allskonar 30 aura af hverju kg.
8. Af allskonar brendu kaffi 40 aura af hverju kg.
9. Af sykri og sírópi 15 aura af hverju kg.
10. Af tegrasi 100 aura af hverju kg.
11. Af súkkulaði 50 aura af hverju kg.
12. Af kakaódufti 30 aura af hverju kg.
13. Af öllum brjóstsykurs- og konfekttegundum kr. 2,00 af hverju kg.

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—4, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundunum í 5.—13. lið ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að $^3/_4$ og þar yfir telst sem heil, $^1/_4$ alt að $^3/_4$ sem

hálf, en minna broti sje slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfje, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neytslu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land og á að sýna skipskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri, eða löggiltur umboðsmaður hans, rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn á skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar i tollskránni eða sjerstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar i skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra i tje skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Sje skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætla má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neytslu i því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra hjer að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Lög nr. 52 frá 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júli 1911, eru feld úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.